

1866.
11. júlí.

tala verði álitin sveitarþurfi, þar sem það hefir sannazt í málinu, að sonur hennar, er áður var um getið, er fær um að sjá fyrir henni.

13. júlí.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Írlandi til Íslands.

Yður skal hérmeð kunngjört, í framhaldi af bréfum stjórnarráðsins 12. októbermán. f. á. og 27. febrúarmán. þ. á., yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það á þann hátt, sem yður þykir best við eiga, að dómsmálastjórninni hefir þókt hlýða en fremur að leggja bann fyrir, að fluttar sæu til Íslands frá Írlandi skepnur þær og annað, sem um er getið í bréfinu frá 12. októbermán. f. á.

20. júlí.

67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sölu á frakknesku fiskiskipi.

Eptir að dómsmálastjórninni hafði gefizt færi á í síðasta sinni 6. marzmán. þ. á. að skýra ítarlega frá álitinu á máli því, er risið hefir útaf sölnunni á frakkneska fiskiskipinu l'Eugène frá Dunkerque, er strandað hafði nálægt Nesi í Norðfirði á Íslandi árið 1862, hefir utanríkisstjórnin getið þess í bréfi 29. f. m., að skýrslur þær, sem keisarastjórnin á Frakklandi hafi útvegað málinu til upplýsingar, gjöri það mjög vafasamt, hvort utanríkisstjórninni verði unnt að sannfæra frakknesku stjórnina um, að tildrög málsins sæu rétt hermd af þeim, sem kært hafa, eða að fá hana til að gjalda skaðabætur fyrir tjón það, er kaupendurnir á uppboðinu á Íslandi biðu af því, að munirnir, sem seldir voru, voru teknir burtu, og að utanríkisstjórninni því eptir öllum málavöxtum virðist vera ástæða til að láta málið falla

1866.

20. júlí.

niður að því er skaðabæturnar snertir. En með því að utanríkisstjórnin er dómsmálastjórninni samdóma um, að le Griel kapteinn hafi, án tillits til, hvort uppboðið hafi verið lögmætt eða ekki, gjört sig sekan í sjálfstöku, þar sem hann uppá sitt eindæmi tók lurtu mesta hlutann af mununum, sem seldir voru, í stað þess að snúa sér að embættismönnum þeim á Íslandi, sem hlut áttu að, til þess að fá uppboðið, er hann áleit ólögmætt, ónýtt með venjulegri lagaadferð, þá hefir utanríkisstjórnin skýrt frá, að hún ætli sér, um leið og hún lætur frakknesku stjórnina vita, að danska stjórnin ætli sér ekki að leggja málefni þetta lengra, þá að láta í ljósi, að menn búist við, að keisarastjórnin sjái svo um, að aðrar eins aðfarir, og strand l'Eugènes gaf tilefni til, komi ekki optar fyrir. Áður en sendiherra Danakonungs við hirð Frakkakeisara verður sagt fyrir samkvæmt því, sem hér er að framan, vill utanríkisstjórnin fá að vita, hvort dómsmálastjórnin hefir nokkur mótmæli gegn því, að sendiherranum verði sagt fyrir á þenna hátt, og að endingu getið þess, að þegar búið sé að leggja ríkt á við herskipaforingja þá, er sendir verða eptirleiðis með frakknesk herskip til Íslands, um hvernig þeir eigi að hegða sér, þá verði líka á hinn bóginn að vera full vissar fyrir, að embættismennirnir á Íslandi gjöri sig ekki seka í annari eins breytni, og þeir hafa haft í frammi í þessu tilfelli, að minnsta kosti eptir því sem frakkneska stjórnin álítur, og hefir utanríkisstjórnin því vikið á, hvort dómsmálastjórninni finnist ekki vera full ástæða til að láta rannsaka málið ítarlegar, og einkum breytni síra Hinriks Hinrikssonar og skýrslur hans.

Útaf þessu skal dómsmálastjórnin geta þess, að þó að hún fyrir sitt leyti ekki geti breytt þeirri skoðun sinni á málinu, að því er snertir skaðabótakröfurnar, sem hún áður hefir látið í ljósi, hljótum vör þó að álíta gagnslaust að halda skoðun þessari frekar fram, þar sem utanríkisstjórnin er á öðru máli, og ekki treystir sér til að fá frakknesku stjórnina til að fullnægja kröfum þessum. Aptur á móti þykir dómsmálastjórninni vænt um, að utanríkisstjórnin hefir sömu skoðun og hún á aðförum le Griels kapteins, og hefir þess vegna að svo miklu leyti ekkert

1866.
20. júlí.

á móti, að Moltke-Hvitfeldt greifa verði sagt fyrir, eins og utanríkisstjórnin hefir ætlað sér. Samt sem áður skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki finnast nægar ástæður til að gjöra neinar slíkar ráðstafanir viðvíkjandi embættismönnum á Íslandi, sem utanríkisstjórnin hefir vikið á, og ættu að sínu leyti að veita sömu tryggingu og það, sem sendiherranum í Parísarborg verður sagt fyrir um, og skulum vèr um það láta oss nægja að taka fram, að uppboðið, sem svo mikið hefir verið talað um og á að vera ólögmaett, ekki yrði ónýtt nema farinn væri lagavegur og að maður sá, sem Frakkar virðast einkanlega að bera sig upp undan, en það er Hinrik prestur Hinriksson að Skorrastað, hefir ekki komið fram eins og embættismaður í þessu máli, þó hann sé embættismaður, heldur eins og milligöngumaður milli frakkneska skipstjórans og hlutaðeigandi sýslumanns. Að öðru leyti leyfum vèr oss að búast við að fá að vita, hver árangurinn verður af samningum utanríkisstjórnarinnar við frakknesku stjórnina um málefni þetta.

6. ágúst.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um fæðispeninga handa landlæknum á embættisferð.

Útaf því, að gjörð hefir verið sú útásetning um jafnaðarsjóðsreikning vesturumdæmisins fyrir árið 1864, þá er hann var endurskoðaður, að Hjaltalín landlækni og jústizráði hafi verið borgaðir úr sjóði þessum 3 rd. á dag í fæðispeninga á embættisferð, er hann fór til Stykkishólms sama sumar, í stað þeirra 2 rd., sem ákveðnir eru í kansallíbræfi 18. júnímán. 1840, hefir Bogi Thórarensen sýslumaður, er áður var settur amtmaður í vesturumdæminu, farið þess á leit í bænarskrá, er hingað barst með bræfi yðar, herra amtmaður, 25. maímán. þ. á., að dómsmálastjórnin leggi samþykki sitt á útborgun þessa. Þér hafið getið þess, að þó að þér ekki getið verið beiðandanum samdóma um, að með kansallíbræfi þessu sé að eins skorið úr ein-